

## Grenjaðarstaður



*Grenjaðarstaður, blaðsýn. GLH 2007.*

Byggingarár: 1865–1896.

Hönnuður: Frambæjarhús eru talin hönnuð af Árna Hallgrímssyni forsmið frá Garðsá.<sup>i</sup>

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1954.

Byggðasafn frá 1958.<sup>ii</sup>

Grenjaðarstaður er torfhús sem telur tíu hús, um 29 m að lengd og 24 m á breidd. Bærinn snýr fimm stöfnum til austurs fram á bæjarhlað og að kirkju. Syðst er skemma, því næst suðurstofa eða Gyllta stofa með suðurstofulofti, þá bæjardyr, norðurstofa og nyrst er pósthús. Þessi hús eru öll portbyggð. Innangengt er á milli bæjardyra og suðurstofu og bæjardyra og norðurstofu og geymslu vestan hennar. Inn af bæjardyrum eru bæjargöng og við vesturenda þeirra er hlóðaeldhús. Þvert úr göngum innarlega eru önnur göng til norðurs sem kvíslast til austur að búi og eldiviðargeymslu inn af og til vesturs að portbyggðri baðstofu. Neðri hæð skiptist í forstofu með stiga, hjónastofu í suðurenda, eldhús er í miðju húsi og inn af því er vefstofa. Upp af stiga er baðstofa og herbergi við hvorn stafn.


Veggir eru hlaðnir úr hraungrýti í fulla hæð, moldarfylltir og tyrft yfir þá að ofan. Torfþekja er á öllum húsum. Framstafnar fimm, gaflhlöð og vesturhlið baðstofu eru klædd listuðu standþili úr þykkum og breiðum bordum sem greipt eru saman með mjórri og þynnri listum og vindskeiðum með afturslætti. Gaflhlað á suðurstofu er klætt slagþili en önnur gaflhlöð að vestanverðu og á búi að sunnanverðu eru klædd listaðili. Á hlóðaeldhúsi og norðan megin á búi eru torfhlaðin gaflhlöð. Sex rúðu gluggar með miðpósti eru á stafnþilum og vesturhlið baðstofu og um þá eru faldar og vatnsbretti að ofan og neðan. Tveir gluggar eru á skemmu, þrír á suðurstofu, einn á bæjardyrum og að auki tveir tveggja rúðu gluggar, þrír á norðurstofu og er stórstrikuð brík yfir

neðri gluggunum tveimur og tveir gluggar eru á pósthúsi. Gluggi er á hvoru gafflhlaði baðstofu og sex á vesturhlið. Hleri er fyrir gluggaopi á vesturgafflhlaði pósthúss og fjögurra rúðu gluggi á framlofti yfir norðurstofu og annar á suðurgafflhlaði búrs. Þrjú rúðu gluggi er á geymslu vestan við norðurstofu. Tveggja rúðu kvistgluggi er á göngum, fjórir fjögurra rúðu kvistgluggar austan megin á baðstofu og fjórir þakljórar á hlóðældhúsi. Útidyr eru á bæjardyrum og um þær strikaðir faldar og stórstrikaður bjór yfir. Aðrar dyr eru á skemmu og pósthúsi og bakdyr á vesturhlið hlóðældhúss.

Veggir skemmu eru grjóthlaðnir og á þeim torfhleðsla úr streng allra efst og gaflar eru óklædd að innan. Í henni eru þverbitar með borðum yfir og er opið upp á loftið í norðvesturhorni. Port eru klædd standþili og láréttum borðum. Veggssylla er ofan á stoðum og á henni þverbitaendar og kálfsperur með gisinni borðaklæðningu, tróði, bárujárni og loks torfi yst. Pósthús er portbyggt í fjórum stafgólfum og eru hin þrjú fremstu klædd standþili með brjóstlista en innsta stafgólfið er óklætt. Gólf í fremsta hluta er steinsteypt og loft klætt plötum svo og hluti veggja. Stigaop er í norðvesturhorni. Á loftinu eru gaflar óklæddir að innan en port klædd láréttum borðum og á húsinu eru kálfsperur með langböndum og reisifjöl. Bæjardyr eru klæddar standþiljum og í þeim er loft á bitum og lúga í loftinu miðju. Port eru klædd standþili og gaflar óklæddir að innanverðu. Á sperrum eru langbönd og á þeim hrís og reiðingur undir bárujárni og torfþekju. Í gangi á milli bæjardyra og Gylltu stofu eru steinhlaðnir veggir og stigi upp á suðurstofuloft. Yfir ganginum eru sperrur með langböndum og hrís og reiðingi. Gyllta stofa er klædd brjóstþili með þiljum í reitum að neðan og veggfóðri að ofan með gylltum listum. Í stofunni eru klæddir bitar og á þeim gólfborð portlofts. Veggir á suðurstofulofti eru klæddir standþiljum. Yfir því eru kálfsperur á veggssyllu og þverbitaendum og á sperrum eru felldir hanabjálkar og langbönd með reisifjöl. Gangur á milli bæjardyra og norðurstofu er klæddur standþiljum og loftið sléttklætt neðan á bita og fyrir enda hans er stigi upp á norðurstofuloft. Norðurstofa er klædd brjóstþili með þiljum í reitum að neðan og standþiljum að ofan. Í stofunni er loft á klæddum bitum. Norðurstofuloft er tvískipt; upp af stiga er framloft í vesturenda og norðurstofuloft í austurenda. Portveggir á framlofti og vesturgafli í porthæð eru klæddir standþili en gafflhlað er óklætt að innan. Á framlofti sitja sperrur á veggssyllu og á þeim eru langbönd með hrís og reiðingi. Norðurstofuloftið er klætt standþili og standþiljum og súðin er klædd sléttfelldum borðum á milli sperra og efst undir mæni er klætt neðan á hanabjálka. Steinhlaðnir veggir eru í geymslu og millipil að gangi og norðurstofu er óklætt.

Bæjargöng á milli bæjardyra og hlóðældhúss eru steinhlaðin og í þeim eru stoðir með veggssyllu, þverbita, sperrum og langböndum og á þeim er hrís og reiðingur. Þvergöng og göng milli búrs og baðstofu eru einnig steinhlaðin en í þeim er flatt loft úr þéttlögðum röftum á milli veggja. Hlóðældhús er steinhlaðið og á miðju gólfi eru steinhlaðnar hlóðir. Stoðir með veggssyllu eru við vegg, bitar þvert á milli og sperrur upp af með gisinni klæðningu misbreiðra borða og hrís og reiðingur yfir. Búrveggir eru steinhlaðnir og ofan á þá er hlaðinn veggur úr streng. Hluti veggja í búri er klæddur standþiljum og spjaldþili. Þverþil úr standþiljum er á milli búrs og eldiviðargeymslu í norðurenda og er neðsti hluti norðurgafls steinhlaðinn en að öðru leyti er gafflinn hlaðinn úr streng. Í húsinu eru stoðir með veggssyllu, þverbitum og sperrum og eru þær klæddar skarsúð í búri en langböndum og borðum í eldiviðargeymslu.

Forstofa í baðstofu er klædd standþili og standþiljum og strikuðum panelborðum, hjónahús er klætt brjóstþili með þiljum í reitum að neðan og standþiljum að ofan. Í lofti eru klæddir bitar og málningarpappír strengdur á milli þeirra. Í eldhúsi og vegstofu eru veggir klæddir standþiljum og strikuðum panelborðum og yfir er loft á bitum. Baðstofa er klædd standþili og standþiljum, suðurherbergi er klætt standþiljum með brjóstlista og norðurherbergi er klætt standþiljum. Loft er klætt skarsúð á sperrum og eru þær klæddar í suðurherbergi. Gyllta stofa, norðurstofa, pósthús, hjónahús og suður- og norðurherbergi í baðstofuhúsi eru máluð að innan en að öðru leyti er bærinn ómálaður að innan.



*Grenjadarstaður. Teikning arkitektanna Jóns Ólafssonar, Sigurðar Eianrssonar, Tryggva Tryggvasonar og Henrik Isidor Sørensen.*



*Grenjaðarstaður, Suðurstofa eða Gyllta stofa. GLH 2007.*



*Grenjaðarstaður, blóðaeldhús. GLH 2007.*